Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023

# FÉLA3ST05
**Stjórnmálafræði**

---

| Kennari: | Eyrún B. Magnúsdóttir | Sk.st. | EBM |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**

Stjórnmálafræðin er kynnt sem fræðigrein. Helstu hugtök og hugmyndafræði hennar kynnt og lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á helstu hugtökum fræðigreinarinnar. Nemendur læra hvernig túlka má stjórnmálakerfi og stjórnmálaþátttöku út frá mismunandi kenningum með megináherslu á Ísland. Nemendum kynnt helstu hugtök alþjóðastjórnmála og fjallað verður lítillega um alþjóðavæðingu, einkenni hennar og möguleg áhrif á stjórnmál framtíðarinnar.

**Undanfari:** FÉLA2AF05

**Þekkingarviðmið:**
Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Aðferðum og viðfangsefnum stjórnmálafræðinnar,
- megin hugtökum og kenningum stjórnmálafræðinnar,
- mismunandi hugmyndafræðilegum stjórnmálastefnum,
- íslensku stjórnkerfi og stjórnmálasögu landsins,
- umhverfi og helstu hugtaka alþjóðastjórnmála.

**Leikniviðmið:**
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Leggja sjálfstætt mat á stefnur og átakaefni í stjórnmálum,
- beita stjórnmálafræðilegum kenningum til að skoða samfélagsleg málefni,
- fjalla um og bera saman kenningar stjórnmála,
- ræða um viðfangsefni stjórnmála.

**Hæfniviðmið:**
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun og tekið þátt í umræðum um stjórnmál,
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um námsefni,
- afla sér upplýsinga um stjórnmál, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér,
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á námi og unnið í samvinnu við aðra,
- taka virkan þátt í borgaralegu samfélagi.

**Námsefni:**

Stjórnmál – Birgir Hermannsson – 2020 (fæst t.d í A4)

Ljósrit, efni af Interneti, dreift af kennara.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

| Dagsetning | Námsefni og viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---|---|---|
| 18. – 25. ágúst | - Námsáætlun áfangans kynnt<br>- Hugtakið stjórnmál<br>- Undirbúningur fyrir jafningjakennslu | Verkefni<br>Hópavinna |
| 28. ágúst – 8. sept | - Kennsluhópur 1<br>- Kafli 1 – Stjórnmál (fyrir utan 1.1) | Verkefni<br>Krossapróf |
| 11. – 22. sept | - Kennsluhópur 2<br>- Kafli 2 – Um vald og yfirráð | Verkefni<br>Krossapróf |
| 25. sept – 6. okt | - Kennsluhópur 3<br>- Kafli 3 - Þjóðríkið | Verkefni<br>Krossapróf |
| 9. – 11. okt | - Flokkar og framboð | Verkefni |
| 16. – 27. okt | - Kennsluhópur 4<br>- Kafli 4 – Þjóðernishyggja | Verkefni<br>Krossapróf |
| 30. okt – 10. nóv | - Kennsluhópur 5<br>- Kafli 5 – Þjóðríkið í ólgusjó | Verkefni<br>Krossapróf |
| 13. – 24. nóv | - Kennsluhópur 6<br>- Kafli 6 – Íslenska þjóðríkið | Verkefni<br>Krossapróf |
| 27. nóv – 6. des | - Stjórnmálaframboð | Hópverkefni |

## Sérreglur áfangans:

Skilaskylda á verkefnum er 90%. Hægt er að semja um sérstök skil ef rík ástæða er fyrir því að skilafresti var ekki náð. Ekki er ætlast til að snjalltæki séu notuð til afþreyinga og **bannað er að taka upp hljóð og mynd í stofunni** nema með leyfi. Ef snjalltæki eru notuð öðruvísi en með samþykki kennara getur það þýtt F fyrir kennslustundina.

## Námsmat:

| Námsþáttur | Lýsing á námsmati | Vægi |
|---|---|---|
| Verkefni | Verkefni og krossapróf yfir önnina | 65% |
| Jafningjakennsla | Hópar sjá um 2 kennsluvikur hver | 25% |
| Ástundun og ábyrgð | Virkni, áhugi, skil og ábyrgð á eigin námi | 10% |
| Samtals | | 100% |

**Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Eyrún B. Magnúsdóttir 17.8.2023